



2. tölublað, 8. árgangur. Nóvember 2012

# FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

## Jónsmessufundur á Hornbjargi



# *Fagmennska í tímanis rás*



Michelsen úrin eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi.



**MICHELSEN**

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909



20% afsláttur



- Úrval kjólfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

# Kjólföt

- Fjórðing í glæsileika

Bjóðum **20% afslátt** af öllum kjólfötum með svörtu vesti fyrir núverandi og tilvonandi frímúrarábræður. Verð áður **79.800 kr.** Verð nú **63.840 kr.**

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmanna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

*Sigurður Þórálfsson, Bóbo*

Sigurður Þórálfsson (Bóbo)



**karl****menn**

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



# Kjöt- og fiskborð í meistarahöndum



**Þín verzlun**  
*Seljabraut*

## FRÍMÚRARINN

## Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagötu 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

## YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

## Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (IX)  
denni@islandia.is

## Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)  
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (VI)  
olafurs@grantthornton.is

Pétur S. Jónsson (VI)  
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (III)  
thor12@ru.is

## Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)  
pj@pj.is

## Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VII)  
bragi@fremri.is

## Netfang

Greinar sendist til  
frimur@centrum.is  
merktar: Frímúrarinn

## Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru  
skoðanir höfunda og þurfa  
ekki að vera í samræmi við  
skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja  
birtingarrétt efnisins til útgefanda.

Ritstjórn áskilur sér rétt til  
að ritstýra aðsendu efni.

## Forsíðumynd

Hornbjarg. Ljósmynd. Gísli Halldór Halldórsson

„Markmið Reglunnar er að  
göfga og bæta mannlífið.  
Reglan vill efla góðvild  
og drengskap  
með öllum mönnum  
og auka bróðurþel  
þeirra á meðal.“

## Sögulegur fundur á Jónsmessu

Liðið sumar verður mörgum eftirminnilegt. Einmuna veðurbliða gladdi landann, sem var á faraldsfæti og naut sumarsins. Þar á meðal voru um 100 frímúrararbræður sem héldu Jónsmessufund á Hornbjargi. Með því minntust menn þess að 110 ár eru liðin síðan fjórir Norðmenn og tveir Þjóðverjar héldu frímúrarafund á sama stað, að því er best er vitað, fyrsta frímúrarafundinn á Íslandi.

Njálubræður höfðu skipulagt þessa ferð okkar nú út í ystu æsar. Hvert smáatriði úthugsað og hvergi hnökra á. Við sigldum á tveimur bátum í Hornvík í góðu veðri og gengum svo á bjargið. Þaðan var útsýni yfir Hornvíkina hið fegursta og ógleymanlegt þegar hið nýja varðskip Íslendinga sigldi inn á víkina, eins og til að gæta þess að enginn ófræddur gæti nálgast okkur.

Jónsmessufundurinn fór fram að hefðbundnum sið með tónlist og fræðsluerindi undir bláum himni. Þegar bræður höfðu gengið niður í Hornvíkina á nýjan leik beið okkar bróðurmáltíð.

Allur þessi dagur verður okkur, sem þarna voru, ógleymanlegur og við þökkum Njálubræðrum fyrir höfðinglegar móttökur og frábæra skipulagningu.

Og nú er kominn vetur og starfið í fullum gangi. Samkvæmt starfskránni hafa fyrirhugaðir fundir aldrei verið fleiri og gróskan í starfinu mikil. Áberandi er hve mjög hefur fjölgað heimsóknum stúkna í aðrar stúkur og er það sérlega ánægjulegt. Tíðari heimsóknir eru einmitt meðal áhersluatriða í stefnumótun fyrir Jóhannesarstúkurnar.

Af erlendum vettvangi vil ég nefna að Reglurnar sem starfa eftir sænska kerfinu samþykktu á sér-

stökum fundi Stórmeistara þeirra í október þá óvenjulegu ráðstöfun að draga til baka viðurkenningu á frönsku Stórstúkunni, Grande Loge Nationale Française. Það hefur meðal annars í för með sér að gagnkvæmur heimsóknarréttur er afnuminn.

Ástæður þessarar ákvörðunar er sú að um nokkurra ára skeið hafa verið miklar deilur innan frönsku reglunnar sem hafa gert hana lítt starfshæfa. Þessar deilur höfðu meðal annars í för með sér að skipaður hefur verið opinber tilsjónarmaður með starfi og fjármálum Stórstúkunnar. Hefur GLNF því misst sjálfstæði sitt og ræður ekki lengur eigin málum. Því er fallið brott aðalskilyrði þess að hægt sé að



Valur Valsson.

viðurkenna Stórstúku eins og fram kemur í Grundvallarlögum okkar og flestra annarra Reglna. Við vonum að franskir frímúrarar nái á nýjan leik að reisa starfið við svo eðlileg samskipti geti komist á aftur.

Á þessu ári hafa tveir norrænir Stórmeistarar látið af embætti fyrir aldurs sakir, Anders Fahlman í Svíþjóð og Ivar Skar í Noregi. Þessir bræður eru okkur á Íslandi að góðu kunnir og hafa þeir oft heimsótt okkur. Við þökkum þeim samstarfið og óskum þeim alls hins besta í framtíðinni.

Í Svíþjóð var Anders Strömberg, DSM, kjörinn Stórmeistari og var hann settur í embætti í maímánuði. Í Noregi var Tore Evensen, MBR, kjörinn Stórmeistari og fór innsetning hans fram í október. Við bjóðum þessa nýju Stórmeistara velkomna til starfa og óskum þeim heilla.

Valur Valsson SMR





# Grand

## RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkornustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík  
Sími 5148000 / Fax 5148030 / [www.grand.is](http://www.grand.is) / [radstefnur@grand.is](mailto:radstefnur@grand.is)



## REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson  
frankvæðastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frimann Andrésson  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát  
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti  
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • [www.utfor.is](http://www.utfor.is)





*Séð yfir veislusalinn áður en hátíðar- og veislustúkan var sett á 80 ára afmælinu.*

Ljósmyndir með grein: Páll A. Pálsson

# St. Jóh.stúkan Rún á Akureyri 80 ára

*Rúnarbræður fögnuðu 80 ára afmæli stúkunnar þann 20. október sl. með glæsilegum hátíðarfundum og hátíðar- og veislustúku að honum loknum. St. Jóhannesarstúkan Rún var stofnuð 5. ágúst 1932 og er því næstelsta frímúrararastúka landsins. Einungis móðurstúkan Edda er eldri.*

Áður en lengra er haldið er rétt að fara nokkrum orðum um aðdragandann að stofnun Rúnar árið 1932.

Veturinn 1928-1929 voru frímúrararbræður á Akureyri fjórir talsins. Einn bættist í hópinn árið 1929 og fjórir árið 1930. Að auki voru tveir bræður til heimilis í Skagafirði. Bræðurnir komu saman reglulega þar sem þeir ræddu frímúrararfræðin og málefni Reglunnar. Þeir settu sér það takmark að fá sem fyrst stofnaða fullkomna St. Jóh. fræðslustúku.

Á þessum tíma var starfandi ein stúku hér á landi, St. Jóh.st. Edda í Reykjavík. Bræðurnir á Akureyri leituðu því til embættismannaráðs Eddu

um þetta áhugamál sitt og fengu hinar bestu undirtektir. Ráðið ritaði Stúkuráðinu í Kaupmannahöfn um málið en íslenska stúkan var undir stjórn dönsku Stórstúkunnar í VIII. Regluumdæmi og studdi Ludvig Kaaber, frumherji í íslensku frímúrarastarfi, mál þeirra af miklum drengskap.

## **Fræðslustúkan Rún stofnuð**

Stúkuráð dönsku Stórstúkunnar ritaði embættismannaráði Eddu bréf hinn 1. apríl 1931 þess efnis að þann 26. mars það ár hefði VVS samþykkt að stofna mætti sérstaka St. Jóh. fræðslustúku, er lúta skyldi St. Jóh.st. Eddu í Reykjavík. Jafnframt kom fram

## Stiklað á stóru í sögu Rúnar frá stofnun

- 1934** Samþykkt að kaupa húseignina Hafnarstræti 73 (Akureyrarbíó) undir stúkustarfið.
- 1936** Vígsla hins nýja húsnæðis fer fram 5. ágúst.
- 1942** 10 ára afmælisfundur Rúnar 5. ágúst. Stúkan fær heimild til að stofna St. Andr. fræðslustúku.
- 1942** St. Andrésar fræðslustúkan Huld vígð 4. ágúst.
- 1945** Hafnarstræti 73 selt Karla-kórnum Geysi, sem jafnframt afsalaði lóð sinni við Gilsbakka-veg 15 til stúkunnar.
- 1945** Hörður Bjarnason arkitekt fenginn til að teikna nýja stúkuhúsið og framkvæmdir hafnar í júlí.
- 1947** Síðasti stúkufundurinn haldinn 5. ágúst í Hafnarstræti 73. Vígslufundur nýs stúkuhúss haldinn 6. september.
- 1949** Stofnfundur og vígsla St. Andr. stúkunnar Huldar 30. sept.
- 1959** Bréf um að fá fræðslustúku á Akureyri í Stúart sent yfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi og undirbúningsnefnd stofnuð.
- 1961** Stofnfundur og vígsla Kapítulafræðslustúkunnar Skuldar 5. júní.
- 1967** Formlegt erindi um stofnun sjálfstæðrar Stúartstúku á Akureyri sent yfirstjórn Reglunnar 20. september.
- 1967** Bræðrafélagið Mælifell stofnað á Sauðárkróki 14. október.
- 1968** Vígslufundur fullkominnar, starfandi Stúartstúku, 2. flokks, haldinn 25. júlí.
- 1970** Fræðslustúkan Mælifell á Sauðárkróki stofnuð 6. desember.
- 1973** Bræðrafélag Frímúrarar stofnað á Siglufirði 6. október.
- 1978** Rúnarkórinn stofnaður.



*Sigurður Kr. Pétursson, Eiríkur Páll Sveinsson, fv. Stj.M. Stúartstúkunnar á Akureyri; Kristinn Eyjólfsson, 1. Vm. Rúnar og Sigurður G. Ringsted, 2. Vm. Stúartstúkunnar á Akureyri.*



*Sigurður Hlöðversson, Stj. Br. Drafnar á Siglufirði; Hreiðar Hreiðarsson, Stm. Rúnar og Eiður Arnason, Stj. Br. Draupnis á Húsavík.*

að fræðslustúkan skuli heita Rún, að Vilhjálmur Þór verði formaður hennar og að Friðrik J. Rafnar, sóknarprestur; Sigurður Stefánsson, sóknarprestur; Ingimundur Arnason, bókhaldari og Jón C. F. Arnesen, konsúll verði embættismenn hennar.

Að svo búnu var farið að huga að húsnæði undir starfseminna. Árið 1930 reisti Kaupfélag Eyfirðinga verslunarhús mikið við Hafnarstræti, neðst í Grófargili. Samdist svo um milli stjórnar KEA og bræðranna að á efstu hæð hússins væri innréttað húsnæði, er hentað gæti frímúrarastarfinu og tóku bræðurnir það á leigu til 5 ára.

St. Jóh. fræðslustúkan Rún var svo vígð hinn 25. júní 1931 af Þórði Edil- onssyni, Stm. Eddu og embættismönnum Eddu. Embættismenn Rúnar voru auk framantalinna, sr. Lárus Arnórsson, Miklabæ og Jónas Kristjánsson, mjólkurbússtjóri. Stofnfélagar stúk-

unnar voru alls 12, þ.e. þeir sem þegar hafa verið taldir og auk þeirra Otto G. N. Grundtvig, lyfjafræðingur; Jakob Frímannsson, fulltrúi; Sveinn Þórðarson, bókhaldari; Sigurður Sigurðsson, sýslumaður á Sauðárkróki og Oddur C. Thorarensen, lyfsali á Akureyri.

### Fullkomin St. Jóhannesarstúka

Fræðslustúkan hóf störf sín af miklum krafti en bræðrunum var ljóst að markmiðið hlyti að vera stofnun fullkominnar St. Jóhannesarstúku sem fyrst. Unnið var ósleitilega að undirbúningi stúkustofnunarinnar og sem fyrr nutu Rúnarbræður atbeina og meðalgöngu Eddu í samskiptum við Stúkuráðið í Kaupmannahöfn. Til að gera langa sögu stutta tilkynnti Stúkuráðið í bréfi til Eddu þann 15. júlí 1932 að samþykkt hafi verið að stofnuð verði á Akureyri fullkomin St. Jóhannesarstúka er skuli heita Rún. Í bréfinu





*Sigurður Jóhannesson, fv. Stm. Rúnar, MHR; Friðrik V. Þórðarson, fv. Stm. Rúnar; Ólafur Ásgeirsson, fv. Stm. Rúnar og Hreiðar Hreiðarsson, Stm. Rúnar.*

eru öll venjuleg og nauðsynleg fyrir-  
mæli um stofnun stúkunnar, stofnend-  
ur hennar, skjaldarmerki, kjörorð og  
einkennisliti sem og um það, hvenær  
stúkan megi taka til starfa.

Stofnskrá og skipunarbréf stúk-  
unnar voru dagsett 11. júlí 1932.  
Stofnfélagar voru alls orðnir 21 að  
tölu, allir fluttir frá St. Jóh.st. Eddu,  
þeir 12 bræður sem áður voru taldir  
og að auki þeir Tómas Björnsson,  
kaupmaður; Jón Svanbjörn Frímans-  
son, bankamaður; Sigurður E. Hlíðar,  
dýralæknir; Guðjón R. Bernharðsson,  
gullsmiður; Snorri Guðmundsson, tré-  
smiður; Ólafur Ágústsson, húsgagna-  
smíðameistari; Karl Ásgeirsson, sím-  
ritari; Stefán Thorarensen, úrsmiður  
og Vigfús Sigurgeirsson, ljósmyndari.

Hinn 5. ágúst 1932 var settur fund-  
ur í St. Jóh. fræðslustúkunninni Rún.  
Þetta var síðasti fundur stúkunnar og  
skyldi jafnframt vera vígslu- og stofn-  
fundur hinnar nýju St. Jóhannesar-  
stúku Rúnar. Vígslu stúkunnar og  
innsetningu stjórnáði Ludvig Kaaber.  
Honum til aðstoðar voru Þórður Ed-  
ilonsson, Bjarni Bjarnason og Ólafur  
Lárusson í Eddu.



## Stólmeistarar Rúnar frá stofnun

Vilhjálmur Þór	05.08.1932 – 05.08.1942
Friðrik J. Rafnar	05.08.1942 – 29.09.1949
Jakob Frímansson	29.09.1949 – 26.09.1964
Jóhann Þorkelsson	26.09.1964 – 08.06.1970
Þórður J. Gunnarsson	08.06.1970 – 02.04.1975
Ragnar Steinbergsson	02.04.1975 – 07.12.1983
Valur Arnþórsson	07.12.1983 – 07.12.1988
Sigurður Jóhannesson	07.12.1988 – 16.02.1994
Aðalsteinn V. Júlíusson	16.02.1994 – 26.02.1997
Friðrik V. Þórðarson	26.02.1997 – 11.02.2004
Ólafur Ásgeirsson	11.02.2004 – 24.11.2010
Hreiðar Hreiðarsson	Frá 24.11.2010

### Kaupmannahafnarferðir úr sögunni!

Árið 1934 fékk St. Jóh.st. Edda  
heimild frá dönsku Landsstúkunninni til  
að stofna St. Andrésarstúku árið eftir,  
sem hefði heimild til að veita IV<sup>o</sup>/V<sup>o</sup>  
og VI<sup>o</sup>. Fljótlega upp úr því var komið  
á stofn Stúartstúku 2. flokks og þar  
með fengin réttindi til að veita VII<sup>o</sup> og  
VIII<sup>o</sup> í Eddu. Eddu- og Rúnarbræður

fögnuðu þessum tíðindum, sem ekki er  
undarlegt. Það var nefnilega meira en  
lítið fyrirtæki að sækja aukinn frama  
umfram III<sup>o</sup> í Reglunni alla leið til  
Kaupmannahafnar og hreint ekki á  
allra færi.

Sagan verður ekki rakin frekar  
hér að öðru leyti en því að stiklað er á  
stóru í sögu Rúnar í stuttum punktum  
á bls. 8 og 10.

## Stiklað á stóru í sögu Rúnar frá stofnun

- 1980** Bræðrafélagið Draupnir stofnað á Húsavík 7. maí.
- 1980** Framkvæmdir við stækkun stúkuhússins hafnar í júní.
- 1981** St. Jóh. fræðslustúkan Draupnir stofnuð á Húsavík 7. maí.
- 1982** 50 ára afmæli Rúnar 5. ágúst.
- 1983** Fræðslustúkan Dröfn stofnuð á Siglufirði 19. nóvember 1983.
- 1983** Vígslufundur fullkominnar, starfandi Stúartstúku, 1. flokks, haldinn 8. desember. Sama daga er stúkuhúsið fullbúið og salur Stúartstúkunnar vígður.
- 2001** St. Jóhannesarstúkan Mælifell stofnuð á Sauðárkróki 6. maí.
- 2002** Bókin „Frímúrarastarf á Akureyri í 70 ár“ gefin út í tilefni 70 ára afmælis Rúnar.
- 2012** 80 ára afmælis Rúnar minnst með hátíðarfundum 20. október.



*Hallgrímur Skaptason, R&K, Stj. M. Stúartstúkunnar á Akureyri; Allan Vagn Magnússon, R&K, HSM, Stj. M. Landsstúkunnar; Hreiðar Hreiðarsson, Stm. Rúnar; Skúli Ágústsson, R&K, fv. FHR og Kristinn Guðmundsson, R&K, St. Sm. Landsstúkunnar.*

### 80 ára afmælið

Sem fyrr segir fögnuðu Rúnarbræður 80 ára afmælinu á sérstökum hátíðarfundum. Til fundarins mættu tæplega 150 bræður víðs vegar af landinu. Þess má geta að á 80 ára afmælinu eru Rúnarbræður 377 talsins. Þar af er 41 bróðir í Fræðslustúkunninni Draupni á Húsavík og 40 bræður í Fræðslustúkunninni Dröfn á Siglufirði.

Stólmeistari Rúnar, Hreiðar Hreiðarsson, minntist genginna Rúnarbræðra og þess mikla afreks sem stofnun stúkunnar var á sínum tíma.

Hann sagði það í senn mikla ábyrgð og mikinn heiður fyrir Rúnarbræður að halda nafni forveranna hátt á lofti um ókomin ár og halda göfugu starfi þeirra áfram.

Hallgrímur Skaptason, R&K, Stj. M. Stúartstúkunnar, rakti aðdragandann að stofnun Rúnar í fróðlegu erindi. Þar sagði hann m.a. að á engan væri hallað þótt staldrað væri við nafn Vilhjálms Þórs, þáverandi framkvæmdastjóra KEA, og hann nefndur sem aðalhvatamaður að stofnun stúkunnar; fremstur meðal jafningja.

Tónlistin skipaði ríkan sess á hátíðarfundinum eins og vera ber, bæði sungin og leikin.

Að hátíðarfundinum loknum var bróðurbikar lyft og að því loknu hófst hátíðar- og veislustúka. Allan Vagn Magnússon, R&K, HSM, Stj. M. Landsstúkunnar, flutti Rúnarbræðrum kveðju og heillaóskir SMR og Reglunnar; Gunnar Þórólfsson, Stm. Eddu, flutti Rún kveðju St. Jóh. stúknanna; Kristinn Eyjólfsson, 1. Vm. Rúnar flutti Minni Reglunnar og Daníel Guðjónsson, 2. Vm. Rúnar flutti Minni Íslands. Stúkunni bárust fjölmargar kveðjur og góðar gjafir í tilefni afmælisins; m.a. færði ónefndur Rúnarbróðir stúkunni að gjöf fagurlega smíðað ræðupúlt.

Í lok borðhalds voru bræður leystir út með gjöf frá Rún, forlata kertastjaka, og héldu allir glaðir til síns heima að loknum ánægjulegum degi.



*Sex Rúnarbræður, sem eiga það sammerkt að vera ýmist starfandi eða fyrrverandi lögreglumenn á Akureyri: Kjartan Helgason, Ragnar Kristjánsson, Ólafur Ásgeirsson, fv. Stm. Rúnar; Daníel Guðjónsson, 2. Vm. Rúnar; Þorsteinn Pétursson og Jóhann Pétur Ólsen.*

*Bragi V. Bergmann, formaður afmælisnefndar Rúnar*



Hér birtist fyrsta grein af fjór-  
um, sem fjalla um dyggðirnar  
fjórar: þagmælsku, varúð,  
hófsemi og miskunnsemi.



Einar Birnir, fyrrverandi  
DSM, gekk í Frímúrararegl-  
una fyrir 55 árum.  
Hann var Stm. Mímis í 6 ár,  
R&K frá 1984, sat í ÆR frá  
1988, lengst af sem STR og  
síðar sem DSM. Einar sat í  
laganefnd, síðast sem  
formaður.

Einar Birnir skrifar

# Þagmælska

Hvað er þagmælska? Jú, samkvæmt máls-  
hefðinni í dag er það að þegja yfir einhverju.  
Í Stóru orðabókinni frá 2005 merkir það að  
þegja yfir einhverju og sem nafnorð um lýsingarorð-  
ið þögull en í þeirri bók sýnist nafnorðið þögli ekki til.  
Í Orðabók Menningarssjóðs frá 1963 eru orðin: *þaga*  
(þögn), *þagall* (þögull), *þagga* (bæla niður), *þag-  
mælska* (orðheldni, orðvar, segja ekki frá, sem trúað  
er fyrir), þar er líka til *þögli*, sem nafnorð (þegjanda-  
háttur/segja fátt) og lýsingarorðið *þögli* í merking-  
unni þögull.

Í Hávamálum segir að „þagalt og hugalt skyli  
þjóðans barn,“ eða skv. ennverandi málfari „þögull og  
íhugull skal o.s.frv.“. Í Egilssögu segir um Egil barn-  
ungan: „... var brátt málugur og orðviss“. Það ég best  
veit er í málfari Reglunnar orðið þagmælska þýðing á  
norska/danska orðinu *taushet/d* úr sennilega nokkuð  
gömlu máli, með hliðsjón af sænsku *tystlådenhet* sem  
líka er nokkuð gamalt og með hliðsjón af e.t.v. enska  
orðinu *silence*. Samkvæmt upplýsingum mínum kemur  
orðið þagmælska varla fyrir í íslensku máli fyrr  
en á 16. öld; e.t.v. þó veikir möguleiki á 15.öld og þá  
skilst að Egill var ekki „mælskur“ heldur „málugur  
og orðviss“ og má spyrja: Er munur þar á utan orða-  
farið? Ætli það nú?

Hvort þýðir nú heldur þagmælska, mælska þagn-  
arinnar (þögunar) eða þöggun mælskunnar og af  
hverju sögðu hinir snjöllu upphaflegu þýðendur ekki  
Þögli, Varúð o.s.frv.; þeir sem svo augljóslega voru  
handgengnir hinum gömlu fræðum, reyndar gagn-

kunnugir þeim? Flestir hafa heyrt athugasemdir  
um „æpandi þögn“ og um „flæðandi mælgí“, hvort  
tveggju oft í frekar neikvæðum tóni. Sleggjum því, en  
grípum hugsunina um tóninn. Ekki syngja menn eða  
spila allt í „belg og biðu“. Það ég best veit hafa þagn-  
irnar í tónlistinni a.m.k. ígildi tóns á stundum og eru  
mikilvægur hluti framvindunnar.

Þeir völdu ekki þögli, því að þeir voru ekki að  
hugsa um algera eða grafarþögn. Nei, þeir horfðu að  
mínu viti á þá að einhverju leyti huldu vitneskju eða  
speki, sem helst er hægt að lýsa með fordæmi, hegðan  
eða einhvers konar bendimáli, t.d. í orðum, tónum eða  
hreyfingum. En það sérstaklega gerir enginn nema  
hann hafi æft sig eða þjálfað af iðni og samviskusemi  
og það reglulega; slíkt kallar á árvekni og – sé verk-  
efnið merkilegt eða þýðingarmikið – af virðingu fyrir  
verkefninu.

Slík mælska þagnarinnar er ekki æpandi, en mátt-  
ug getur hún verið og lýsandi þeim er verða henn-  
ar varir og skilja hana, eða m.ö.o. verða viljandi eða  
óviljandi upplýstir um hana.

Þeir gömlu en sínýju þýðendur fræða Reglunnar  
sáu og þekktu muninn á hinni tómu þögn og hinni  
mælsku þögn, þeir þekktu söguna af Þorkeli mána,  
„sem fól sig þeim guði er sólina hafði skapað.“ Þeir  
vissu og að á sólbjörtum haustdegi eins og í dag og  
kannski alltaf er einfalt og um leið uppörvandi að  
heyra nið mælskunnar, málnotkunar orðvísinnar, eða  
söng hinnar mælsku þagnar og friðsemdar við skin  
ljósgjafans mikla og eilífa.

# Nýr Stórmeistari í Noregi

Í október var nýr Stórmeistari kjörinn í Noregi og var hann settur í embætti síðar í sama mánuði. Hinn nýi SMR er Tore Evensen frá Hamri, þrautreyndur embættismaður í Reglunni sem sinnt hefur fjölda embætta innan hennar, nú síðast sem MBR. Tók hann við embætti af Ivar Skar sem gegnt hafði stöðu SMR þar í landi um nokkurra ára skeið.

Stórmeistaraskipti hafa þá orðið í tveimur af Norðurlöndunum á árinu, en í maí var Anders Strömberg settur í embætti SMR í Svíþjóð og leysti þar með Anders Fahlman af hólmi.

Valur Valsson, SMR, var viðstaddur þegar Evensen var settur í embætti í Osló, sem og Kristján Þórðarson, R&K, IVR.



Stórmeistarar Norðurlandanna ásamt fleiri bræðrum við innsetningu Tore Evensen í Noregi.  
Ljós.: DNFO/Sturlason.

# Hið nýja Johannus orgel í Riddarasalnum

Það er mikilvægt að stúkufundirnir snerti okkur og nærri. Í því er tónlistin mikilvæg og þarf að flytja með sér fegurð og bera okkur boðskap í tónum og tali.

Reglan er svo lánsöm, að eiga innan sinna vébanda marga frábæra tónlistarmenn. Í Reglunni eru frábærir hljóðfæraleikarar og söngvarar auk margra frábærra organista. Til þess að tónlistin fái notið sín þurfa hljóðfæramál að vera í góðu lagi.

Það var fyrir rúmu ári að SMR bað Hersi Reglunnar, ásamt söngstjóra Landsstúkunnar að skoða hljóðfæramál í Riddarasal Reglunnar við Skúlagötu. Þar hafði verið svo lengi sem elstu menn muna gamalt amerískt harmóníum, eða fótstigið orgel.

Þetta gamla orgel kallaði eftir mikilli og gagngerrri yfirhalningu ef það átti að notast áfram. Í samráði við alla söngstjóra sem koma að Landsstúkunni voru orgelmálin rædd og öðrum möguleikum velt upp.

Hersir stakk upp á að við myndum leita til bræðranna um stuðning eftir að við söngstjórar komumst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast yrði að kaupa rafmagnsorgel en þó eins gott að gæðum og möguleikum sem við gætum best ráðið við.

Í framhaldinu urðum við hrifnastir af tilboði frá Johannus, sem er hollenskt fyrirtæki, í fallett og gott 3 borða orgel með pedal sem vígt var á lokafundi Landsstúkunnar nú í vor.

Þetta er „elektrónískt“ undratæki þar sem raddir orgelsins eru upptökur af röddum stórra pípuorgela og síðan framkallaðar með undrum tækninnar í þessu netta hljóð-



færi. Þannig hermir orgelið eftir raunverulegum pípum.

Þetta er mikil framför frá því sem var og þau viðbrögð sem ég hef fengið bera því vitni að bræðurnir kunni að meta þetta.

Ég vil þakka bróðurlega og innilega öllum þeim sem hafa stutt þessi orgelkaup og óska líka bræðrunum til hamingju með fallett hljóðfæri í okkar fallettu húsakynnum.

Megi tónar þess vekja og næra okkur alla.

Jónas Þórir  
Söngstjóri Landsstúkunnar



# Rannsóknarerindi um sjálfstæðisbaráttu íslenskra frímúrara

*Fundur var haldinn í rannsóknarstúkunni Snorra þann 13. október síðastliðinn á Sauðárkróki. Á fundinum flutti fyrrverandi HSM, Jón Birgir Jónsson, rannsóknarerindi sem hann nefnir Sjálfstæðisbarátta íslenskra frímúrara.*

Rannsóknarerindið fjallar um starfandi stúkur á Íslandi í upphafi hernáms Danmerkur, þann 9. apríl 1940, en að mestu um tímabilið frá því hernámi Danmerkur lauk, í maí 1945 til stofndags Frímúrarareglunnar á Íslandi þann 23. júlí 1951. Í rannsóknarerindinu er auk þess merkur kaffi um byggingu regluheimilis, en strax frá stofnun Bræðrafélagsins Eddu árið 1913 var byrjað að ræða um byggingu til þess að hýsa frímúrarastarf á Íslandi.

Hér á eftir verður vitnað til nokkurra atriða í rannsóknarerindinu, sem gefa til kynna hversu áhugavert efni er hér til skoðunar.

Þegar hernámi Danmerkur lauk í maí 1945 og samband komst aftur á milli landanna hófst sjálfstæðisbarátta íslenskra frímúrara. Samstarf við æðstu stjórn dönsku Frímúrarareglunnar hafði alltaf verið mjög gott en markmið íslenskra frímúrara var að hér á Íslandi yrði stofnuð frjáls og fullvalda íslensk Frímúrararegla.

Þegar Danmörk var hernumin þann 9. apríl 1940 af Þjóðverjum var íslenskum frímúrurum strax ljóst að samband við yfirstjórn VIII. umdæmis Frímúrarareglunnar, þ.e. yfirstjórn dönsku Reglunnar, yrði erfitt og í flestum tilvikum ógerlegt. Í framhaldi af því ákváðu íslenskir frímúrarar að taka sjálfir í sínar hendur yfirstjórn málefna Reglunnar hér á landi.

Þann 8. október 1940 var Bráðabirgðayfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi stofnuð sem síðar, þann



*Jón Birgir Jónsson fv. HSM.*

13. apríl 1942, var breytt í Yfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Stjórnandi Meistarar Frímúrarareglunnar á Íslandi var um þessar mundir forseti Íslands, Sveinn Björnsson, en hann hafði verið kjörinn til þessa embættis þann 23. september 1944.

Í raun var útilokað að hugsa sér til lengri tíma að forseti Íslands, forseti og æðsti stjórnandi sjálfstæðs ríkis, væri einnig yfirmaður og æðsti stjórnandi félagsskapar sem lyti stjórn annars félags í erlendu ríki og stjórnandi þess væri konungur og æðsti stjórnandi þess ríkis. Eðlilegt var að br. Sveinn Björnsson væri æðsti stjórnandi frímúrarastarfs á Íslandi á meðan ekkert samband var við yfirstjórn dönsku Reglunnar en nú þegar líkur voru á að hún tæki aftur við yfirstjórn frímúrarastarfs hér á landi gegndi öðru máli.

Þar til Frímúrarareglan á Íslandi var stofnuð lutu starfandi stúkur á Íslandi dönsku Reglunni og þar með Grundvallarlögum hennar, Fundamental Konstitutionen.

Nú þegar styrjöld lauk og samband komst aftur á við Danmörk var ljóst að íslenskar stúkur, sem voru

í raun danskar stúkur og lutu stjórn dönsku Reglunnar, mundu aftur lúta stjórn frá Danmörku.

Í heimsókn til sænskra frímúrara í apríl 1945 hittu br. Arent Claessen, auk sænskra frímúrara, hst. uppl. br. Paul Lassen, oddvita stúkuráðs dönsku Reglunnar. Br. Arent Claessen gerði honum grein fyrir hvernig frímúrarastarfi hefði verið háttáð á Íslandi síðan sambandslaust varð við Danmörk eftir hernámið. Br. Claessen skýrði honum einnig frá „...vonum Íslendinga um að koma upp sérstöku ísl. Frm. umdæmi.“

Ljóst er að danskir bræður okkar hétu því að vera hjálplegir við undirbúning þess að koma upp sérstöku Frm. umdæmi á Íslandi með starfandi Landsstúku og greiða fyrir því eftir því sem þeir gætu.

Hinsvegar bentu þeir á að ýmis mál þyrftu að yfirvinnast og mjög mikið verk þyrfti að vinna til þess að ná þessu marki.

Jón Birgir sagði að það hefði hvarflað að sér að það hafi alltaf verið ásetningur dönsku embættismannanna að losa sig við starfsemina á Íslandi

Eftir margra ára undirbúning var nú loks komið að því langþráða takmarki sem íslenskir frímúrarar höfðu barist fyrir um langan tíma. Eitt af því sem staðið hafði efst á lista í áratugi var bygging Regluheimilis. Það var samt ekki fyrr en síðla árs 1948 að í fyrsta sinn var endanlega keypt hús yfir starfsemina að Borgartúni 4.

Haustið 1950, þegar séð var fyrir endann á öllum undirbúningsverkefnum vegna stofnunar Reglunnar, kaup á húsi frágengin, þá var ákveðið að sækja formlega til Danmerkur um að hér yrði stofnuð fullvalda Frímúrararegla.

Þann 13. október 1950 tilkynnti V. S.V. dönsku Reglunnar að stofnuð yrði á Íslandi fullgild sjálfstæð Frímúrararegla í júlí næsta ár og að hann sjálfur stefni að því framkvæma vígsluna.

Frímúrarareglan á Íslandi var stofnuð 23. júlí 1951.

*Ólafur G. Sigurðsson*

# Stúkulögin komin á geisladisk Frímúrarakórsins

Út er kominn geisladiskur þar sem Frímúrarakórinn ásamt einsöngvurum syngja stúkulögin. Um er að ræða lög sem tengjast og hafa verið tileinkuð ákveðnum stúkum eða tengjast starfsemi þeirra á einvern hátt.

Á disknum syngur kórinn sextán lög. Einsöngvarar með kórnum eru þeir Eiríkur Hreinn Helgason og Ívar Helgason. Jónas Þórir sér um píanóleik og stjórnandi kórsins er Jón Kristinn Cortez.

Áður en hljóðritun fór fram, fór mikil vinna í að safna saman lögum, fá leyfi Reglunnar, höfunda og aðstaðenda látinna höfunda. Stjórnandi kórsins, Jón Kristinn Cortez og fyrrverandi formaður kórsins, Grímur Sigurðsson, unnu mikið starf við undirbúning og öflun gagna.

Stúkuráð ákvað í samráði við stjórn Frímúrarakórsins að senda öllum stúkum geisladiska, svo bræður geti eignast diskinn.

Þann 30. janúar nk. verður Frímúrarakórinn 20 ára. Af því tilefni ætla kórinn að halda veglega tónleika í vor. Á dagskrá verða öll helstu lög sem



Starf Frímúrarakórsins er kraftmikið.

Ljósmynd: Jón Svavarsson.

kórinn hefur flutt sl. 12 ár. Að loknum tónleikum verður haldin afmælisveisla, þar sem kórfélagar ásamt systrum og gestum koma saman.

Nú í starfsbyrjun er starf kórsins kraftmikið. Aukreglubundinna æfinga

kemur kórinn fram á ýmsum samkomum, m.a. 20 ára afmæli Hlínar, eldri bræðrafundi hjá Nirði, messum í Bústaðakirkju og Grafarvogskirkju, 60 ára afmælis Mímis og Jónsmessufundi Eddu. Að vanda kemur kórinn fram á Regluhátið og ekki má gleyma afmælistónleikum kórsins í vor.

Til að viðhalda endurnýjun söng-radda vil ég nota tækifærið og hvetja bræður sem hafa áhuga að koma í kórinn að hafa samband við kórfélaga, koma á æfingu, sjá, upplifa og prufa. Æfingar kórsins eru á laugardagsmorgnum kl. 9.30 til 12. Þegar æfing er hálfnuð er tekið kaffihlé í Bræðrastofu þar sem bræður spjalla saman yfir kaffi og meðlæti.

Að vera í Frímúrarakórnum er eins og að ganga í nýja stúku. Þar kynnist maður nýjum bræðrum úr öðrum stúkum og eignast nýja vini. Hópurinn er samheldinn, enda allir með sama áhugamál sem er söngurinn. Tvisvar á ári komum við kórfélagarnir saman ásamt systrunum og hafa þar myndast ný vináttubönd sem tengja systurnar Reglunni sterkari böndum.

Að lokum vil ég hvetja bræður til að eignast diskinn með stúkulögnum. Þar er að finna mörg skemmtileg lög og ljóð eftir marga þekktu og mæta bræður á tónlistarsviðinu.

*Thomas Kaaber,*  
formaður Frímúrarakórsins

## Bandarískur frímúrari í heimsókn

Frímúrarareglan á Íslandi tók á dögunum á móti Richard Burgess, háttsettum bandarískum gesti úr Reglunni Ancient and Accepted Scottish Rite of Freemasonry 33°, Northern Jurisdiction, en sú Regla fylgir skoska kerfinu eins og nafnið bendir til.

Burgess sótti I° fund í St. Jóhannesarstúkunni Fjölni. Þar voru einnig gestgjafi hans, Valur Valsson, SMR, og fjölmargir R&K.

Í borðhaldinu eftir fundinn þakkaði SMR Burgess komuna og fagnaði því tækifæri að hafa getað boðið honum að vera við upptökufund í Reglunni hér á landi. Þakkaði hann Stefáni Snæ Konráðssyni, Stm. St. Jóh.st. Fjölnis, fyrir að hafa hliðrað til svo að þess yrði kostur og jafnframt lýsti hann ánægju sinni með góðan fund.

Einnig flutti Stm. St. Jóh.st. Fjölnis skálarræðu til gestsins sem svaraði



Richard Burgess og Valur Valsson SMR.

Ljós. Rúnar Hreinsson.

orðum sem til hans var beint með því að lýsa yfir innilegum þökkum og mikilli ánægju bæði hans og eigin konu hans, sem var með í för, með heimsóknina til Íslands. Sagðist hann hafa heimsótt stúkur í nokkrum Evrópulöndum en endað á Íslandi þar sem þau hjón hefðu notið mikillar gestrisni og vináttu.





Sigt á leiðis til Hornvíkur frá Ísafirði.

Ljósmynd: Ólafur Magnússon.

# Eftirminnilegur Jónsmessu- fundur á Hornbjargi

Árið 1902 komu saman á Hornbjargi nokkrir erlendir bræður, fjórir Norðmenn og tveir Þjóðverjar. Höfðu þeir lagt upp frá Hesteyri, þar sem einn þeirra rak hvalstöð og hafði jafnframt reist kirkju og gefið söfnuðinum. Annar þeirra rak hvalstöð í Dýrafirði og var einn fremstu manna í að reisa nýja kirkju að Mýrum í Dýrafirði. Allir störfuðu þessir menn með einum eða öðrum hætti í tengslum við hvalveiðar á Vestfjörðum, samt með svo ólíka menntun að þarna voru m.a. stýrimaður, efnafræðingur og læknir, auk þess að vera forstjóri og framkvæmdastjóri. Þeir störfuðu einnig við hvalveiðar annars staðar á Íslandi og í Evrópu.

Á þessum afskekktu stað, norður við heimskautsbaug, héldu þeir Jónsmessuhátíð að hætti frímúrara. Þetta voru Norðmennirnir Marcus Christian Bull, Carl Frederik Elligers Herlofsen, Hermann Andreas Krabbe og

Lauritz Jacob Berg, ásamt Þjóðverjanum Carl Maria Johannes Cornelius Paul og óþekktum Þjóðverja sem að öllum líkindum bar eftirnafnið Warburg.

Þessi ferð þeirra kom svo til vitundar héraendrar frímúrara þegar Dr. C. Paul greindi frá Jónsmessuhátíðinni á fundi í Eddu þann 23. maí 1925, þar sem hann var gestur. Frásagnir af þessum fundi hafa síðan haft yfir sér þann ævintýraljóma að mörgum bræðrum er hann hugstæður, ekki síst okkur br. í Njálu sem búum hér við fótiskör vettvangsins.

## Almættið heiðrað

Til að minnast þessa fundar þeirra áttum við saman hátíðarfund í sumar, norskir og íslenskir frímúrarakar á þessum sama stað, á Jónsmessu, undir sömu sól og í sama tilgangi, eitt hundrað og tíu árum síðar. Þar heiðr-

uðum við almættið, náttúruna, landvort, Regluna og hina horfnu, erlendu bræður okkar. Jafnframt ræktuðum við samband okkar, norskir og íslenskir, en þarna voru mættir bræður úr 20 frímúrarastúkum, þarf af 9 bræður frá 6 norskum stúkum.

Fyrsta tilraun Njálubræðra til að endurtaka fundinn á Horni var á Jónsmessu árið 1992. Því miður varð að aflysa þeim fundi vegna þess hve veður var vont. Þrír bræður höfðu að vísu farið á undan hópnum og áttu stutta helgistund á staðnum. Þeir voru veðurtepptir í Hornvík í 3-4 daga áður en þeir gátu loks snúið aftur heim. Árið 1994 var svo fundur haldinn á Horni og þá í hryssingsveðri.

Árið 2002 var 100 ára afmælisfundarinn á Horni hinsvegar minnst á bjarginu, í veðri sem var svo gott að ógleymanlegt er öllum þeim sem tóku þátt. Til að auka enn frekar á stemm-





*Fjölmennur hópur frímúrara tók þátt í Jónsmessufundinum á Hornbjargi.*

inguna á þeim góðviðrisdegi tók náttúran svo undir við fundarhaldið, þegar gríðarmikil bergfylla hrundi úr Hælavíkurbjargi, hinu megin Hornvíkur, svo undir tók í fjöllunum. Sjást enn greinileg merki þessa berghruns, enda er fyllan feikistór.

Aldrei má láta hjá líða að gæta að velferð systranna. Meðan á fundarferð okkar stóð í sumar var því einnig farin sérstök makaferð, enda margir bræður sem komu til Ísafjarðar með mökum sínum. Fór einn hinna norsku bræðra með í þá ferð, ásamt nokkrum Njálu-bræðrum. Hófst makaferðin á skoðunarferð um Ísafjörð undir leiðsögn sagnfræðingsins Sigurðar Péturssonar sem leiddi hópinn um hin gömlu og litríku hverfi Ísafjarðar. Að loknum hádegisverði í Tjöruhúsinu hélt makahópurinn svo í ferð um sveitarfélagið, um Önundarfjörð, Dýrafjörð og Arnarfjörð. Lá leiðin um Flateyri, Holt, Skrúð, Hrafseyri, Þingeyri og lauk

svo með veislu á Núpi í Dýrafirði.

Ferð okkar bræðranna á fundarstaðinn í Ystadal á Horni hófst um klukkan 10, laugardagsmorguninn 23. júní, þegar bræður og makar þeirra fóru að tínast saman í húsnæði St. Jóh. stúkunnar Njálu. Það stendur við Ísafjarðarhöfn og fljótlega eftir að makarnir höfðu lagt upp í sína ferð gengum við bræðurnir til skips. Það voru tveir bátar, í eigu Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar, sem fluttu okkur yfir í Hornvík. Brottför var klukkan 12:00 og gott var í sjóinn, en stóðst þó engan samanburð við þann spegil sem við sigldum á til baka um nóttina, alla leiðina frá Horni til hafnar á Ísafirði.

### Í Hornvík

Hornvík tók á móti okkur með björtu og fallegu veðri þó sólarlaust væri. Starfsmenn Hafsteins ferjuðu okkur bræðurna í land með öllu fartheski og veitingum til kvöldsins. Voru

það nokkuð margar ferðir sem gengu þó greiðlega. Bræður úr Njálu höfðu farið á undan hópnum með byggingarefni til bryggjusiða, í því skyni að auðvelda aðkomu annarra gesta á land. Tókst það verk ágætlega og allir gátu því stigið þurrum fótum í fjöruna án þess að vera stígvélaðir.

Úr fjörunni er stutt brekka upp í Hornbæinn og þar tók á móti okkur br. Arnór Stígsson. Arnór er fæddur á Horni og bjó þar fyrstu 24 ár ævi sinnar. Hann treysti sér þó ekki upp að fundarstaðnum að þessu sinni og beið okkar niður við Hornbæinn líkt og bryti ferðarinnar, br. Sigurður Arnfjörð, sem einnig er í Njálu. Sigurður og bróðir hans, sem sjá meðal annars um rekstur Hótel Núps og veitingastaðar í Edinborgarhúsinu, sáu um veitingar í þessari ferð. Þeir bræður hófust strax handa við að smyrja samlokur ofan í hópinn þannig að allir væru reiðubúnir að takast á við göngu-





Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

leiðina upp í Ystadal. Áður höfðu undanfararnir verið búnir að reisa mikið samkomutjald þarna við Hornbæinn, til þess að tryggja að veður setti ekki strik í reikninginn við bróðurmáltíðina. Í tjaldinu voru samlokurnar afgreiddar ásamt hressandi drykk.

### Brekkan klifin

Pegar bræðurnir höfðu matast var lagt af stað upp í Ystadal. Ystidalur liggur nyrst í Hornvík. Dalurinn opnast út í Hornvíkina til vesturs en er umlukinn hinu eignlega Horni til norðurs, bjargbrúnum Hornbjargs til austurs og Miðfelli til suðurs. Utan við bjargbrúnirnar sem umlykja Ystadal tekur svo ekkert við nema víðáttur Grænlandssunds.

Við skiptum okkur í hópa og lögðum í brekkurnar með stuttu millibili. Gönguleiðin sjálf er ekki brött en liggur um talsverða brekku þar sem stundum er lausagrjót, því er nauðsyn-

legt að stíga varlega til jarðar og hafa augun hjá sér. Gangan gekk greiðlega, þó af og til væri staldrað við til að taka lagið eða hlýða á frásagnir af því sjónarspili sem við okkur blasti.

Á leiðinni upp mættum við undanförnum, bræðrum úr Njálu sem farið höfðu fyrir um morguninn til að undirbúa fundarstaðinn. Þessir garpur skutust svo upp aftur til fundarins þegar þeir höfðu nestað sig niðri við Hornbæinn.

Pegar upp var komið gleymdu bræðurnir sér í dásemdum náttúrunnar. Gengu menn fram á brúnir Hornbjargs og áttu þar ánægjulega upplifun norður undir heimskautsbaug. Myndavélar voru mundaðar og gægðust þeir hugrakkari fram af brúnum bjargsins.

Rétt fyrir klukkan sex kallaði svo bróðir Gunnar Hallsson, Stm. Njálu, bræðurna saman til fundar. Mátti þá sjá bræðurna ganga úr öllum áttum

niður brekkurnar frá brúnum Hornbjargs og niður í Ystadal.

### Fundur settur

Fundurinn var svo settur klukkan sex. Á fundinn voru mættir 106 bræður og voru Valur Valsson SMR og Kristján Þórðarson IVR þeirra á meðal. Þarna voru einnig þrír Stm. og einn Stj. br. Jóh.st. og þrír Stm. og tveir Stj. br. Andr.st. Eftirtaldir Jóh. stúkur áttu fulltrúa á fundinum: Akur, Dröfn, Edda, Fjölnir, Gimli, Glitnir, Haakon til de tre lys, Hamar, Kolbein til den opgaende sol, Lilja, Mímir, Mælifell, Njála, Njörður, Rún, Sindri, St. Clemens til den rette Vinkel, St. Olaus til de tre Roser, St. Olaus til den gyldne Murskje, St. Olaus til den hvide Leopard. Þess má geta að þrír þeirra bræðra sem funduðu á Horni árið 1902 voru einmitt bræður í stúkunn St. Olaus til den hvide Leopard.

Óhætt er að segja að stúkunn hafi





Valur Valsson, Stórmeistari Frímúrararareglunnar á Íslandi, var meðal bræðra á Hornbjargi.

Ljósmynd: Ólafur Magnússon.

verið hagað eins og vera bar. Svo bar nefnilega til að hið glæsilega varðskip Íslendinga, Þór, var á Hornvíkinni á sama tíma. Betur er varla hægt að varða en með varðskipi. Fundargestir settust í grasið og öll umgjörð var látlaus og einföld. Klæðnaður var hefðbundinn útivistarklæðnaður og Stm. Gunnar Hallsson lýsti því í byrjun ávarps hvernig áhöldin væru í hugum okkar en ekki fyrir fótum vorum.

Fundurinn var með hátíðlegum blæ og vöktu Stm. og undirritaður bræðurna til umhugsunar með orðum sínum. Fundurinn var þó einnig með léttu yfirbragði, því náttúran faðmaði okkur að sér í dalnum og á meðan á fundinum stóð léku 3-4 tófur listir sínar og hlupu um brúnir bjargsins, bræðrunum sem þær sáu til ómældrar ánægju.

Valur Valsson, SMR, tók til máls eftir erindi v.Rm. og ræddi um stærsta stúkusal á Íslandi, sjálft Hornbjargið. Hann ávarpaði svo norska bræður og lauk máli sínu með því að þakka Njálubræðrum fyrir vel unnin verk og staðfesti þakki sínar að hefðbundnum sið.

Bróðir Tor Løken tók svo til máls og sagði okkur frá því að þeir hinna norsku bæðra sem hittust á Horni 1902 hefðu verið í elstu St. Jóh.st. Noregs, St. Olaus til den hvide Leopard, sem ætti einnig fulltrúa þarna að þessu sinni.

Pegar við höfðum þannig í stutta

stund hugleitt starf hinna horfnu bræðra sem þarna stóðu hundrað og tíu árum áður, og leitt hugann að hinni konunglegu íþrótt, var kominn tími til að snúa aftur niður í Hornbæinn þar sem bróðurmáltíðin beið okkar. Það var þó ekki gert fyrr en bræðurnir höfðu leyft þjóðsöngnum að hljóma af krafti þarna uppi í Ystadal og teknar höfðu verið ljósmyndir af hópnum.

### Ljúffeng bróðurmáltíð

Niðurförin sóttist ágætlega og þó einhverjum hafi skrikað fótur í lausa-grjótinu og fallið niður í brekkuna þá varð engum meint af. Þegar niður var komið var slegið á léttu strengi og spjallað á meðan beið var eftir máltíðinni, þriggja rétta veislu skammt ofan við Hornbæinn. Ekki reyndist mikil þörf fyrir samkomutjaldið því veður var ákaflega milt þetta kvöld. Bræðurnir voru búnir að byggja upp góða matarlyst í gönguferðinni og fordrykkurinn varð síst til að draga úr henni.

Í forrétt var reyktur lax og grafinn regnbogasilungur með brauði og sinneps- og piparrótarsósu. Aðalrétturinn samanstóð af þremur útfærslum af grillspjótum, með marineruðum steinbítiskinnum, kjúkling eða lambalæri. Var þetta borið fram með kartöflum, grænmeti, salati og hvítlaukspiparsósu. Eftirrétturinn var sérlega vestfirskur og náttúrulegur, skyr með rjóma og aðalbláberjum úr Dýrafirði.

Að lokinni bróðurmáltíð voru haldnar stuttar tölur af bæði íslenskum og norskum bræðrum. Var það hin besta skemmtun og allir orðnir mjög



Gengið á land.

Ljósmynd: Ólafur Magnússon.



Menn nutu veðurblíðunnar og útsýnisins á göngunni.

Ljósmynd: Ólafur Magnússon

léttir í lundu þegar þarna var komið sögu. Bræðurnir tóku auðvitað lagið og sungu m.a. Hornstrandabrag. Nutum við hins sumarbjarta kvölds í þessum góða félagsskap í faðmi náttúrunnar.

Heimferðin sóttist vel og var næsta ótrúlegt að alla leiðina frá Hornbjargi til Ísafjarðar skyldi haflöturinn spegilsléttur. Á leiðinni var glatt á hjalla og góður tími til að skiptast á sögum og rifja upp gamlar minningar enda allir glaðir og reifir í lok vel heppnaðrar ferðar.

Þegar komið var í höfn á Ísafirði skundaði mannskapurinn upp í stúkuhús Njálu og þar beið dýrindis kjötsúpa og brauð. Óhætt er að segja að bræðurnir hafi haft lyst á kraftmikilli súpunni, jafnvel þó miðnætti væri langt að baki og klukkan að ganga þrjú. Það voru því saddir og sælir bræður sem lögðu höfuð á kotta þessa nótt, að loknum löngum ferðadegi.

Full ástæða er til að þakka hér öllum þeim sem að komu, fyrir frábærliga skemmtilega ferð. Hún verður í minnum höfð og hvetur okkur til frekari dáða. Sambandið sem kemst á með þessum hætti við bræður okkar í Norgei er skemmtilegt og áhugavert og mikill áhugi er meðal bræðra í Njálu að kanna leiðir til að rækta það enn frekar, jafnvel með utanför.

Gísli H. Halldórsson, v.Rm. Njálu



# Mikilvægustu frímúrararnir

Af þeim tæplega 3.500 bræðrum sem sem skráðir eru Frímúrarar á Íslandi má til sanns vegar færa að 114 þeirra séu langsamlega mikilvægastir.

Ólíkt því sem menn kynnu að hugsa, á ég hér á ég ekki við reynslu-mikla bræður sem sinnt hafa frímúrarastarfi af alúð svo áratugum skipti, þótt mikilvægi þeirra sé óumdeilt. Nei, frímúrararnir sem ég vísa til hér eru nýkomnir í Regluna og eru að hefja starf sitt: Ungbræðurnir.

Ástæðan fyrir mikilvægi þessarra nýjustu meðlima Frímúrarareglunnar er einföld: *Með tíð og tíma munu þessir menn stýra stúkustarfinu og móta framtíð þess. Þeir munu halda á lofti alþjóðlegum og aldagömlum kyndli starfs stærsta bræðralags veraldar og sjálfir munu þeir þurfa að sinna því ábyrgðarmikla hlutverki að taka á móti nýjum bræðrum og láta þeim líða vel við upphaf vegferðar þeirra í Reglunni.*

Þegar leynd og dulúð hvílir yfir félagsstarfi er augljóst að ekki er hægt að undirbúa sig undir það sem við tekur þegar inn er komið. Þegar bróður birtast í fyrsta sinn verkefni frímúrarastarfsins er augljóst að margar spurningar munu vakna. Mörgum þeirra verður einungis svarað með dugmiklu starfi í mörg ár.

## Ástundun skiptir höfuðmáli

Það ætti engum að dyljast að til þess að frímúrarastarfið skili okkur árangri til lengri tíma, þarfnast það heilshugar ástundunar. Að því leyti má auðveldlega finna samhljóm með íþróttaiðkun eða námi. Það verður enginn áreiðanlegur læknir með því að kíkja bara í skólann af og til, þegar hentar. Þetta þarf nýr bróðir að skilja, en þetta þurfa meðmælendur hans sömuleiðis að hafa í huga þegar þeir sækja um inngöngu fyrir hann í Regluna: Er líklegt að frímúrarastarfið henti honum? Er líklegt að hann muni rækja það af kappi? Sé svarið við þessum spurningum jákvætt, bætist mögulega sterkur hlekkur í heilsteypta keðju.

Stúkustarfið verður ekki sterkt á fjöldanum einum. Ástundun bræðrana skiptir höfuðmáli. Það borgar sig fyrir ungbroður að bera sig eftir að sækja fundi og annað starf



Ljósmynd: Rúnar Hreinsson.

Reglunnar af eins miklum mætti og hann mögulega getur frá fyrsta degi, til eigin hagsbóta, og með aðstoð og fulltingi meðmælenda sinna.

Við vitum að margt berst um athygli og tíma nútímamannsins en ófáir frímúrarar finna sem betur fer strax í Reglunni griðastað sem erfitt er að vera án. Þeir upplifa hversu örlátt og gefandi stúkustarfið getur verið og taka frá tíma til þess að sinna því vel. Fyrir flesta okkar verða þessi kvöld nefnilega ánægjuleg og ómissandi tilbreyting frá skarkala umheimsins.

Það er gefandi að sitja vel sóttu stúkufundi sem innihalda bræður af öllum stigum Reglunnar sem eiga saman ánægjulega stund. Þar blandast menn úr öllum stéttum lífsins, mismunandi kynslóðir manna sem eiga sameiginlegt mannræktarstarf sitt, ferðina í átt til þess að verða betri menn, feður, þjóðfélagsþegnar og eiginmenn, sjálfum sér og þjóðfélaginu öllu til heilla. Ekki betri en aðrir, einungis betri en við vorum sjálfir áður en við gengum í Regluna.

## Ævilangt félagsstarf

Þegar vel tekst til er nývígður frímúrarari að hefja félagsstarf sem hann mun mögulega stunda það sem eftir lifir æviskeiði hans. Það er því engin ástæða fyrir ungbroður að hika við að kynnst bræðrum sínum vel. En fyrir þá sem lengur hafa verið í Reglunni er heldur engin ástæða til þess að bíða með að kynnst nýjum bróður, og láta sig áhugamál hans og aðstæður varða,

og láta hann finna hversu velkominn hann er á hvern fund okkar; minnugir þess hvernig þeim var sjálfum innan-brjóstis þegar þeir gengu í fyrsta sinn um salarkynni okkar.

Oft þarf nefnilega ekki mikið til þess að okkur líði eins og við eigum virkilega heima í einhverjum félagskap, og öll jákvæð upplifun er dýr-mæt hvatning til frekari ástundunar og afreka innan veggja bræðralagsins. Já, það hlýtur að vera okkur öllum kappsmál að láta öllum nývígðum frímúrum líða eins og heima hjá sér í húsum okkar, sem nú eru einnig þeirra. Við erum misframfærni, og mismálgláðir, en allir kunnum við að meta að hugsað sé til okkar.

Þeir sem hafa stundað frímúrarastarf í einhvern tíma, þekkja vel þá tilfinningu að finna fyrir auðsýndri vináttu, brosum og handtökum sem skilja eftir hjá okkur hlýju og styrk sem enginn veraldlegur auður megnar að kaupa. Þetta er óneitanlega verðmætur hluti af þeim fríðindum sem mannrækt innan vébanda Frímúrarareglunnar hefur upp á að bjóða; styrkurinn sem felst í sönnu bræðrabeli og vináttu.

Leggjum okkur allir fram við að mikilvægustu frímúrararnir verði hratt og örugglega sterkir og órjúfanlegir hlekkir í starfi okkar. Með því tryggjum við framtíð stúkkunnar, Reglunnar – og frímúrarastarfs á Íslandi.

Pétur S. Jónsson



# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjódarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun sjávarútvegs.

Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



# Hugsjónir Reglunnar höfða til margra manna í þjóðfélaginu

Útvarpsviðtal við Sigurð Örn Einarsson, f.v. Stórmeistara Reglunnar

Í júlí 2007 var viðtal í Ríkisútvarpinu við þáverandi Stórmeistara Reglunnar, Sigurð Örn Einarsson, um Frímúrararegluna á afmælisdegi hennar, 23. júlí. Hér á eftir er efni þessa viðtals rakið.

Sigurður Örn byrjar viðtalið á frásögn af afmælishaldi Frímúrarareglunnar árið 2001.

– Þá má segja að við höfum aðeins opnað Regluna og kynnt hana fyrir landsmönnum. Við höldum afmælisfund í Borgarleikhúsinu þar sem bæði forseti Íslands og forsætisráðherra voru viðstaddir ásamt fleiri góðum gestum.

Sigurður Örn rakti síðan uppruna Reglunnar hér á landi og sagði m.a.:

– Það er vitað að árið 1900, fyrir rúmum hundrað árum, var haldinn fundur á Hesteyri. Þá voru þar Norðmenn með hvalveiðistöð og héldu sex bræður í þeirra hópi fund. Síðan, árið 1902, var haldinn annar fundur og þá á Hornbjargi. Þar voru aftur sex bræður. Haldið var upp á 100 ára afmæli þess fundar á Hornbjargi árið 2002. Þá fóru bræður frá Ísafirði, aðallega Njálubræður, upp á Hornbjarg og settu þar upp fundaðstöðu og héldu fund.

– Hér var ekki sjálfstæð Regla fyrr en 1951 en starfið fram að þeim tíma var undir vernd dönsku Frímúrarareglunnar. Árið 1913 var fyrst stofnað hér bræðrafélag, sem hét bræðrafélagið Edda. Íslensku bræðurnir vildu síðan fá að stofna fullkomna stúku, sem kallað er. Það tók nokkuð langan tíma því Danir voru nokkuð fastheldnir á það og vildu sjá til þess að hér væri allt í góðu lagi. 6. janúar 1919 er stofnuð hér fyrsta formlega frímúrararastúkan, en undir stjórn dönsku Reglunnar. Þannig var það allt til ársins 1951 að sjálfstæð Regla var stofnuð hér á landi. Á þessum tíma frá 1919 til 1951 voru stofnaðar hér nokkrar stúkur sem allar heyrðu undir dönsku Regluna.

– Hvað breytist svo?

– Árið 1951 verður Reglan sjálf-



*Sigurður Örn Einarsson, fv. Stórmeistari Frímúrarareglunnar.*

stæð og það er þannig, að hver einasta Regla er sjálfstæð og engum öðrum yfirvöldum háð nema löglegum yfirvöldum hvers lands. Við erum auðvitað háðir löglegum yfirvöldum Íslands og hlýðum auðvitað lögum og reglum íslenska þjóðfélagsins.

Þessu næst spyr útvarpskona að því hvort stofnun Frímúrarareglunnar haldist í hendur við iðnvæðinguna á

Íslandi. „Það hefur loðað við Frímúrararegluna að hún eigi rætur sínar að rekja til handsverks- og iðngildanna á síðmiðöldum,“ segir hún.

– Ég einlega get ekki svarað því, segir Sigurður Örn. En þarna voru menn sem fannst gott að hafa svona félagsskap og lögðu áherslu á að koma grundvallarhugsjón Frímúrarareglunnar áfram...

– Sem er...?

Og Sigurður er skjóttur til svars.

– Það er mannrækt á kristilegum grunni.

Hann bætir því svo við að menn geti gerst félagar í Reglunni svo fremi þeir hafi óflekkað mannorð, séu kristinnar trúar og hafi náð 24 ára aldri.

– Félagar í Reglunni í dag eru um 3.300. Auðvitað er það þannig í Reglunni eins og öllum öðrum félagsskap, að það eru ekki allir virkir, en meirihlutinn er tiltölulega aktífur, segir Sigurður Örn.

– Hvað er það að vera aktífur?

– Það er mæta alltaf öðru hvoru á fundi, sumir mæta ekki sjaldnar en einu sinni í viku á því tímabili sem fundir eru haldnir, sem er frá miðjum september fram í lok apríl eða miðjan maí.

– Mega menn þá ráða því á hve marga fundi þeir mæta? spyr útvarpskona.

– Það fer svolítið eftir því hvar menn eru staddir innan Reglukerfisins, á hvaða stigi menn eru. Það eru haldnir a.m.k. þrjú fundir í viku á svokölluðu Jóhannesarstigi í Reykjavík, svo eru fundir líka víða úti á landi. Það eru stúkur í Hafnarfirði, Keflavík, Selfossi, Vestmannaeyjum, Egilsstöðum, Húsvík, Akureyri, Siglufirði, Sauðárkróki, Ísafirði, Stykkishólmi og Akranesi. Það er hringurinn!

– Er maður frímúrari alla tíð?

– Já, einu sinni frímúrari, alltaf frímúrari! Menn segja sig ekki úr Reglunni, en það hefur því miður gerst að mönnum hefur verið vísað úr Reglunni.

– Hafa menn þá brotið eitthvað af sér?

– Gagnvart þjóðfélaginu, já. Það er sem betur fer ekki algengt. Við erum 3.300 og erum þverskurður af þjóðfélaginu, hvorki verri né betri.

Þessu næst er Sigurður Örn spurður að því hvernig Reglunni gangi að afla nýrra féлага.

– Það má segja að það sé ekkert sérstakt markmið að fjölga í Reglunni, en við þurfum auðvitað endurnýjun eins og öll félagssamtök. Það er óhætt að segja að það gangi bara mjög vel. Hugsjónir Reglunnar virðast höfða til margra manna í þjóðfélaginu og það er mikil ásókn í inngöngu í Regluna. Það er allt að árs bið í sumum stúkum eftir að komast inn. Ég hef sjálfur lagt á það áherslu að sú bið sé ekki lengri. Ég held mér sé óhætt að segja að framtíð

Reglunnar sé nokkuð björt hvað þetta varðar. Í því sambandi vil ég gjarnan geta þess að mönnum er ekki boðin þátttaka í Reglunni, þeir verða sjálfir að vilja gerast félagar. Þeir sem óska inngöngu í Regluna þurfa að finna tvo bræður innan Reglunnar og óska eftir því við þá að fá að gerast félagar. Þá gilda þessi skilyrði, sem ég sagði frá áðan, að menn hafi óflekkað mannorð, játi kristna trú og séu ekki yngri en 24 ára. Og í rauninni finnst mér það jafnvel vera of ungt. Ekki það að 24 ára gamall maður geti ekki verið jafn þroskaður og 35 ára maður til dæmis, en betra væri ef menn væru búnir að eignast fjölskyldu, eigi það fyrir þeim að liggja, og búnir að koma sér fjárhagslega fyrir til að geta stundað starfið í Reglunni, segir Sigurður Örn.

Útvarpskonan spyr Sigurð að því hvort konur séu einnig í Reglunni.

– Þetta er eingöngu félagsskapur karla. Við erum reyndar flestir giftir og algengt að við köllum konur okkar systur, en þær eru ekki félagar. Aftur á móti eru haldnar skemmtanir fyrir þær og ég hef lagt á það áherslu meðan ég stjórna Reglunni, að fjölskyldan sé í fyrirrúmi og það sé hugsað um konurnar og börnin og það má segja að það hafi forgang áður en Reglan hefur forgang.

– Hefur ekki komið til tals að opna Regluna ... ?

– Nei, það er ekki á dagskrá, en maður veit svo sem ekki hvað næstu 20-30 eða 100 ár bera í skauti sér.

– Af hverju er svona mikið leyndó í kringum Frímúrararegluna? spyr útvarpskonan.

– Reglan er ekki leynifélagsskapur og á það hef ég lagt áherslu. Það vita allir hvar við erum og ég hef sagt það opinberlega og við bræðurna að við eigum að vera stoltir af því að vera bræður í Reglunni. Reglan á hins vegar sín leyndarmál, ýmislegt sem við viljum hafa fyrir okkur, sem er partur af því að þroska okkur...

– Er það ekkert tekið sérstaklega fram við bræðurna að það sé sérstök þagnarskylda?

– Jú, að sjálfsögðu. Það er ekki ætlast til þess að um fundarskóp sé talað né það sem á fundum gerist. Í gamla daga var það meira segja þannig að menn komu heim og sögðu ekki einu sinni konum sínum frá því hvað var í matinn.

– Þú ert Stórmeistari Reglunnar.

Er það æðsta embætti Reglunnar?

– Já.

– Ert þú svo góður bróðir, að þú varst fenginn í þetta starf?

– Ég vil nú ekki dæma um það, en ég var kosinn í þetta embætti fyrir átta og hálfu ári.

– Er þetta ekki annasamt starf?

– Jú, það er það ef maður vill sinna því. Það stóð nú þannig á, að ég var kominn á eftirlaun tæpu ári áður en ég var kosinn í embættið og því hef ég getað gefið þessu dálítinn tíma. Það er mjög ánægjulegt. Í rauninni get ég verið þarna til 75 ára aldurs því það eru ákveðin takmörk fyrir því hve lengi menn geta verið í embætti. Fyrst og fremst er það aldurinn sem ræður, 75 ára er hámarkið, en maður sem er orðinn 70 ára er ekki kjörgengur.

– Mér heyrir þetta vera mjög formlegt og margar reglur sem þið þurfið að lúta í þessum félagsskap?

– Við leggjum áherslu á að formið haldi, við til dæmis klæðumst allir kjólfötum á fundum og teljum það mikilvægt, m.a. til að allir séu eins. Svona var þetta á öllum Norðurlöndunum líka. Fyrir nokkrum árum fóru Svíar að slaka á þessu og menn fóru að mæta í svörtum jakkafötum með dökk bindi. Fyrrverandi Stórmeistari sænsku Reglunnar sagði mér fljótlega eftir að sú ákvörðun hafði verið tekin, að þetta hefði verið eitthvað það vitlausasta sem þeir hefðu gert. Kjölfataklæðnaðurinn setur ákveðinn og fastan blæ á fundina og hefur mikið að segja.

– Og svo er það hringurinn góði...

– Já, þennan hring hér fá menn eftir að hafa náð ákveðnu stigi innan Reglunnar, sem er áttunda stig. Innan Reglunnar eru hins vegar ellefu stig.

– Er björt framtíð hjá frímúrum á Íslandi?

– Ég vona það. Það er góð aðsókn að Reglunni, en aðalatriðið er þó að þeir sem sækjast eftir inngöngu séu nýtir bræður og sýni það að veran í Reglunni sé einhvers virði.

– Hvað ætlar þú að gera í tilefni dagsins?

– Ég ætla nú bara að fara að vinna núna... þó ég sé hættur að vinna þá er ég dálítið að dunda.

– Splæsir kannski í rjómapönnukökur...?

– Já, það gæti verið, eða vöflur með rjóma, segir Sigurður Örn glaðlega að lokum.

– GM





Þeir báru hitann og þungann af skipulagningu og framkvæmd Kapítula IX. Frá vinstri: Kristinn Guðmundsson St.Sm., Pétur K. Esrason, R&K YAR, Allan V. Magnússon, R&K HSM, Jón Sigurðsson R&K DSM, Árni Gunnarsson fræðaráði, sr. Úlfar Guðmundsson R&K SÆK, sr. Örn Bárður Jónsson R&K ÆKR, sr. Kristján Björnsson, formaður fræðslunefndar, Guðmundur Kr. Tómasson fyrrv. Stm. Fjölnis og Haraldur Sigurðsson úr fræðslunefnd.

Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Kapítuli IX:

## Vel heppnað þing á vegum Fræðaráðs

Fræðslunefnd Fræðaráðs Frímúrarareglunnar efndi til fræðapingsins Kapítuli IX einn sunnudags eftirmiðdag í október. Þótti takast vel til þar sem allt hjálpaðist að, góð þátttaka, góð fræðileg vinna og afar áheyrilegir fyrirlesarar. Skipulagið á þessu þingi var með þeim hætti að þrír fyrirlesarar fluttu um hálf tíma erindi hver og eftir hvert erindi var boðið upp á umræður og viðbrögð.

SMR Valur Valsson setti fræðsluþingið með ávarpi og hvatningu til fræðilegrar vinnu í reglustarfinu. Fyrsta erindið flutti Árni Leósson og

fjallaði hann um sögu og þróun IX. stigs Reglunnar. Komu þar fram upplýsingar sem byggðu m.a. á vönduðum heimildarannsóknum hans. Þá flutti SÆK sr. Úlfar Guðmundsson vekjandi, fræðandi og gott erindi á sínu sviði og eftir kaffihlé flutti DSM Jón Sigurðsson afar ítarlegt og fróðlegt erindi um táknað stigsins. YAR Pétur K. Esrason flutti lokaorð og þakkaði fyrirlesurum og þátttakendum fyrir framlag sitt og öllum sem skipulögðu og unnu að þinginu. Ráðstefnustjóri var formaður Fræðslunefndar, sr. Kristján Björnsson og umræður fór fram undir

styrkri stjórn ÆKR sr. Arnar Bárðar Jónssonar. Kaffiveitingar voru í boði Fræðaráðs og var greinilegt að í kaffihléi höfðu bræðurnir nóg að spjalla og áhuginn var mikill.

Erindin og ávörpin verða gefin út ásamt fundargerð af umræðunum sem Guðmundur K. Tómasson ritaði. Verður því hefti deilt út á öll bókasöfn Frímúrarareglunnar til lestrar og fræðslu enda hefur lengi vantað meira lesefni á þessu stigi Reglunnar.

Sr. Kristján Björnsson

## Minjagripur tilvalin gjöf til bræðra

Á aðalskrifstofu Reglunnar er til sölu minjagripur sem er tilvalin gjöf til bræðra, þeirra sem eiga stórafmæli, hafa lokið merkum áfanga á frímúrabrautinni eða erlendra gesta og þá um leið hentugur til gjafa í heimsóknunum bræðra til stúkana erlendis.

Minjagripurinn sem er að stærð: 120 x 85 x 6 mm er lágmynd úr gulli eða bronsi af anddyri höfuðstöðva Frímúrarareglunnar á Íslandi. Hann er tölusettur frá 1-25 gull og 1-150 bronsi með gati á bakhlið til þess að hengja

á vegg; getur legið á borði sem bréfa-pressa eða settur á borðstand. Hönnuður er R&K Aðalsteinn V. Júlíusson. Gripurinn kemur í fallettri gjafaöskju og er verð hans kr. 25.000,- úr bronsi og kr. 75.000,- fyrir lágmynd úr gulli.

SMR hefur ákveðið að ágóði af sölu minjagripsins renni til Styrktarsjóðs Reglunnar.

Stúkur utan Reykjavíkur sem eru með sjálfstæðan fjárhag, geta fengið þann fjölda sem þær telja sig þurfa, en hagnaðurinn af sölu minjagripsins

rennur til styrktarsjóðs viðkomandi stúku.



Ljósmynd: Guðmundur Skúli

# Skrifstofutæki

fyrir öll fyrirtæki



## RICOH

Mikið úrval ljósritunarvélum,  
prenturum og skönnum  
fyrir stór sem smá fyrirtæki.



Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við  
getum gert fyrir þig



**ROSENGRENS**

Öryggis-og peningaskápar



**BISLEY**

Skjala-og skrifstofuskápar

S T O F N A Ð 1 9 5 3

## OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa





## Klæðskerasniðin

### kjölföt og skyrtur

Einnig hægt að  
panta stakar  
einingar.

VISA/Euro  
raðgreiðslur til  
allt að 36 mánaða!

Afgreiðslufrestur 4 - 8 vikur!



## Handgerðir pípuhattar

- stífir  
- samanfellanlegir

VISA/Euro  
raðgreiðslur til  
allt að 36 mánaða!

Afgreiðslufrestur 1 - 2 vikur!



Erum á Facebook:  
facebook/kjolfot.is



Bjóðum einnig:  
fallega frímúrarahanska,  
opnar slaufur og ermahnappa



ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ  
HJÁ TENGI



GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15  
[www.tengi.is](http://www.tengi.is) • [tengi@tengi.is](mailto:tengi@tengi.is)

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000  
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Komdu með gamla 8°  
hringinn og við gerum úr  
honum nýjan



Ívar Þ. Björnsson  
Básbryggja 51, 110  
Reykjavík  
sími 899 9760



Hópfærðir • Keflavík Coaches  
[www.sbk.is](http://www.sbk.is)



Hlíðarsíni 2 • 250 Garði  
sími 422 7103 • GSM 892 8812 • Síðisíðubúur: [ragn@comsun.is](http://ragn@comsun.is)



Verktakar ehf.  
Valþór 6979797  
Arnóddur 8990552  
[www.rafvik.is](http://www.rafvik.is)



[www.3frakkar.com](http://www.3frakkar.com) Hjú Útfari



BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR  
Sími 421 2999 • [www.nysprautun.is](http://www.nysprautun.is)



[www.korta.is](http://www.korta.is)



[www.kjarnafaedi.is](http://www.kjarnafaedi.is)



[www.banar.is](http://www.banar.is)



[www.ekran.is](http://www.ekran.is)



[www.hsorka.is](http://www.hsorka.is)





# In memoriam

## Látnir bræður

24.10.2011 - 29.10.2012

### Aðalsteinn Valdimarsson - Vaka X

F. 24.5.1931. D. 14.10.2012

### Arnþór Björnsson - Rún X

F. 16.7.1931. D. 28.8.2012

### Ágúst G. Berg - Rún IX

F. 4.3.1936. D. 21.4.2012

### Árni Hreiðar Árnason - Gimli X

F. 30.11.1920. D. 3.7.2012

### Ásgeir Hálfán Einarsson - Sindri X

F. 4.5.1923. D. 28.12.2011

### Ásmundur Guðmundsson - Glitnir IV/V

F. 8.10.1929. D. 10.4.2012

### Dagur Jónsson - Mælifell II

F. 9.4.1953. D. 31.3.2012

### Einar Rafn Ingvaldsson - Edda III

F. 18.8.1953. D. 24.9.2012

### Fríðrik Eldjárn Kristinsson - Akur VIII

F. 13.9.1935. D. 29.10.2012

### Gísli Halldórsson - Gimli X

F. 12.8.1914. D. 8.10.2012

### Guðmundur Már Bjarnason - Mímir IX

F. 7.11.1938. D. 3.10.2012

### Gunnar Dyrset - Edda X

F. 30.11.1935. D. 7.10.2012

### Gunnar Þórsson - Rún IX

F. 3.2.1930. D. 18.8.2012

### Halldór Guðbjörnsson - Edda VIII

F. 30.1.1961. D. 15.2.2012

### Hallgrímur Viggó Marinóss. - Glitnir X

F. 16.7.1944. D. 25.9.2012

### Haraldur G. Þórðarson - Mælifell X

F. 16.7.1925. D. 14.12.2011

### Haraldur M. Helgason - Rún IX

F. 8.2.1921. D. 20.10.2012

### Haraldur Ragnarsson - Gimli IX

F. 15.10.1929. D. 30.11.2011

### Haraldur Sigurðsson - Edda X

F. 7.5.1932. D. 14.6.2012

### Haukur Sigurbjörnsson - Akur VIII

F. 22.12.1956. D. 5.4.2012

### Helgi Sævar Þórðarson - Hamar IX

F. 20.12.1947. D. 24.7.2012

### Hjörtur Hjartarson - Gimli X

F. 8.12.1930. D. 26.7.2012

### Hörður Svanbergsson - Rún X

F. 9.2.1929. D. 9.9.2012

### Hörður Sveinsson - Mímir IX

F. 15.3.1933. D. 29.11.2011

### Ingi Þór Hafbergsson - Glitnir VI

F. 8.6.1978. D. 13.12.2011

### Ingólfur Bárðarson - Sindri IX

F. 9.10.1937. D. 27.12.2011

### Jakob Austmann Helgason - Njála VI

F. 22.3.1925. D. 11.7.2012

### Jakob Tryggvason - Mímir X

F. 10.3.1925. D. 17.6.2012

### Jóhannes Haraldur Proppé - Edda X HMR

F. 26.12.1926. D. 21.7.2012

### Jón Arndal Stefánsson - Gimli X HMR

F. 7.12.1920. D. 26.12.2011

### Jón Leósson - Hamar III

F. 11.1.1935. D. 22.4.2012

### Jón Magnússon - Edda IX

F. 28.1.1925. D. 11.9.2012

### Karl F. J. Hallbjörnsson - Edda X

F. 2.8.1935. D. 21.5.2012

### Karl Kortsson - Röðull IX

F. 17.10.1915. D. 3.9.2012

### Karl Magnús Guðmundsson - Mímir X

F. 28.1.1924. D. 24.6.2012

### Kristinn Kristinsson - Glitnir IV/V

F. 20.4.1958. D. 24.6.2012

### Kristján Baldvinsson - Mímir X

F. 30.11.1935. D. 14.3.2012

### Kristján S. Ólafsson - Lilja VIII

F. 6.3.1948. D. 12.10.2012

### Magnús Valdimarsson - Mælifell IX

F. 28.6.1955. D. 28.1.2012

### Oddur C. S. Thorarensen - Gimli X

F. 26.4.1925. D. 20.12.2011

### Ólafur Einar Ólafsson - Glitnir VI

F. 6.3.1958. D. 17.5.2012

### Ragnar Jón Ágústsson - Mímir VIII

F. 12.9.1926. D. 19.12.2011

### Rúnar Þórhallsson - Gimli IX

F. 16.1.1937. D. 30.6.2012

### Sigurður Guðmundsson - Röðull IX

F. 26.5.1930. D. 15.2.2012

### Sigurður Njálsson - Rún X

F. 27.3.1922. D. 23.1.2012

### Sigurður P. Þorleifsson - Gimli X

F. 22.3.1927. D. 19.7.2012

### Stefán Stefánsson - Edda X

F. 31.12.1928. D. 14.10.2012

### Steindór Hjartarson - Gimli VII

F. 17.1.1936. D. 7.1.2012

### Sæmundur Þ. Sigurðsson - Glitnir X

F. 18.5.1943. D. 27.1.2012

### Valdemar Gunnarsson - Rún IX

F. 1.8.1947. D. 27.1.2012

### Þorgrímur Þorgrímsson - Edda X

F. 4.2.1924. D. 29.1.2012

### Þórður Einarsson - Hamar X

F. 29.7.1931. D. 1.5.2012

### Ævar Karl Ólafsson - Njörður X

F. 23.9.1940. D. 3.4.2012

# Landsmót frímúrara í golfi

Árlegt Landsmót Frímúrara í golfi fór að þessu sinni fram í Vestmannaeyjum fyrripart ágúst að vanda og lauk með veigamikilli verðlaunaafhendingu og glæsilegri sjávarréttaveislumáltíð um kvöldið í golfskála GV í Herjólfssdal.

Ríflega 100 gestir voru saman komnir um kvöldið og nutu þeirra lystisemda sem þar voru á boðstólum. Boðið var upp á sjávarréttahlaðborð af bestu gerð sem innihélt m.a. humar, karfa, skötusel og svo var íslenskt lambakjöt að sjálfsögðu á borðum. Áður en leikar hófust var öllum þátttakendum boðið upp á ískalt freyðivín í teiggjöf til að væta kverkarnar fyrir leik ásamt vönduðu golfhandklæði.

Leikið var samkvæmt reglugerð um Landsmót og voru veitt verðlaun fyrir einstaklingskeppni bræðra í þremur flokkum auk systra og niðja. Þá voru veitt verðlaun í stúkukeppni auk nándarverðlauna. Í lokin var síðan dregið úr skorkortum allra þátttakenda þar sem tvö pör af golfskóm ásamt fleiri vinningum gengu út.

Við þökkum þeim fjölmörgu fyrirtækjunum, þó sérstaklega Víntrío og Ecco, fyrir stuðninginn við Landsmótið 2013. Úrslit mótsins eru hér til hliðar.

Jóhann Gunnar Stefánsson



## Næsta landsmót á Jaðarsvelli

Á næsta ári mun landsmót frímúrara verða haldið á Jaðarsvelli á Akureyri í samstarfi við bræður okkar í Rún í byrjun ágúst. Endanleg dagsetning hefur ekki verið gefin út en það verður gert strax að loknu Golfþingi GSÍ sem fram fer nú í haust.

Allar frekari upplýsingar um starfsemi Frímanna, Golfklúbbs Frímúrara, má sjá á heimasíðu Reglunnar en einnig má senda tölvupóst á netfangið frimanngolf@gmail.com.

### Niðjaflokkur:

1. Leó Snær Emilsson 37 punktar
2. Kristján Helgason 25 punktar

### Systraflokkur:

1. Erla Fanný Sigbórsdóttir 35 punktar
2. Þorbjörg Albertsdóttir 34 punktar
3. Sigrún Margrét Ragnarsd. 33 punktar

### B flokkur - Punktakeppni með forgjöf

1. Yngvi Geir Skarphéðinss. 37 punktar
2. Sigurður Örn Einarsson 33 punktar
3. Þórður Sigurðsson 31 högg

### A flokkur - Höggleikur án forgjafar

1. Ellert Þór Magnason 77 högg
2. Samúel Smári Hreggviðss. 78 högg
3. Pétur Þór Halldórsson 84 högg

### A flokkur - Höggleikur með forgjö

1. Jóhann Gunnar Stefánsson 73 högg
2. Emil Hilmarsson 76 högg
3. Hilmar Halldórsson 76 högg

### 1. sæti Edda/Hlér 101 punktar

Grétar Leifsson  
Jón Árni Ólafsson  
Yngvi Geir Skarphéðinsson  
Þorleifur Sigurðsson

### 2. sæti Fjöltnir 97 punktar

Emil Hilmarsson  
Guðlaugur Guðlaugsson  
Hilmar Halldórsson  
Leópol Sveinsson

### 3. sæti Lilja 96 punktar

Árni Esra Einarsson  
Jóhann Gunnar Stefánsson  
Jón Björgvin Stefánsson  
Pétur Þór Halldórsson

### 4. sæti Glitnir 94 punktar

Ellert Þór Magnason  
Sigurður Örn Einarsson  
Símon Kristjánsson



Knáir kylfingar (f. v.): Jóhann Gunnar Stefánsson, formaður Frímanna, Sigurður Örn Einarsson, Fv. SMR, Aron Smári Magnússon, kylfusveinn, Pétur Þór Halldórsson og Árni Esra Einarsson.



Systurnar stóðu sig vel (f. v.): Erna Gísladóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Kristín Anna Arnþórsdóttir, Guðrún Helga Bjarnadóttir og Sigrún Margrét Ragnarsdóttir.

Ljósmyndir: Már Sveinbjörnsson.





Systragjöf frá um 1990, 14 kt. gull. Frímúraramerkið, hornmát og hringfari.

Ljósmyndir Guðmundur Skúli Viðarsson

# Systragjafir

Reglan okkar heldur árlega systrakvöld í húsakynnum Reglunnar. Þetta er gert til að heiðra systur hátíðlega og reglulega, með virðingu og þakklæti, í vináttu, sannleika og kærleika.

Er þá systrunum boðið til hátíðlegrar samkomu, kvöldverðar og dansiballs. Er þá bætt við tilhlýðilegri gjöf systrunum til handa. Minjasafn Reglunnar á mikið safn systragjafa, en sérhver stúka gaf hér áður fyrr mismunandi gjafir, en í seinni tíð hafa stúkurnar sameinast um eins gjafir.

Síðameistarar stúknanna fengu oftast það verkefni að hugsa fyrir systragjöf og var þá oft ansi mikið að gera.



Fingurbjörg og nálahús, hugsanlega frá 1950 eða þar um bil. Bræður hafa kannski verið að hugsa um „praktísku“ hliðina í þá daga.



Eftirminnileg er gjöf Glitnisbræðra er þeir gáfu hvíta postulínsbjöllu 1983, en hún var sérpöntuð frá Danmörku og bjargaði okkur þar bróðir okkar Vilhjálmur Guðmundsson sem starfaði hjá Flugleiðum. Bjallan kom í hús nokkrum klukkustundum áður en borðhald hófst, svo þar sést glöggst hvað bræður lögðu á sig til að gera þetta sem best úr garði.



Frá Minjasafni Reglunnar

Einar Thorlacius  
minjavörður





*Betra braud með  
góðum mat*





pípu

lakk

# Allt frá hatti oní skó



Hattar

Hátíðavesti (5 hnappa)



Treflar

Kjólskyrtur



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara

Múrskeið sem bréfahnífur



Lakkskór (ný tegund)



Bindisprjónn



Erma- og brjósthnappar



Ermahnappar



Smeygur



Ermahnappar



Lindaklemma/  
bindisnæla



# Bróðir.is



*Vefverslun með vörur fyrir bræður*